

Sp.

813. Skýrsla

[438. mál]

um norrænt samstarf árið 1985.

Frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

### 1. 33. þing Norðurlandaráðs í Reykjavík 4. til 8. mars 1985.

#### 1.1. Almennu umræðurnar á 33. þingi Norðurlandaráðs.

Í almennu umræðunum á 33. þingi Norðurlandaráðs bar hæst, eins og á þinginu árið áður, umræðurnar um efnahags- og atvinnumál. Á 32. þingi Norðurlandaráðs hafði Norræna ráðherranefndin lagt fram ráðherranefndartillögu um þróun efnahagsmála og bætt atvinnuástand á Norðurlöndum. Á því þingi kom fram mikil óánægja meðal fulltrúa Norðurlandaráðs vegna þess að í tillöguna vantaði öll fyrirheit um beinar aðgerðir til að auka hagvöxt og minnka atvinnuleysi. Var hún ekki talin fela annað í sér en viljayfirlýsingu sem lítið væri á að treysta eina sér. Á 33. þinginu lagði Norræna ráðherranefndin síðan fram nýja tillögu um sama efni sem fékk undantekningarlítið mjög góðar viðtökur. Mörgum þykir sem brotið hafi verið með henni blað í samstarfi þjóðanna á sviði efnahagsmála. Markmið tillögunnar er að hrint verði í framkvæmd beinum aðgerðum sem stuðla munu að aukningu hagvaxtar og bættu atvinnuástandi á Norðurlöndum, bættum samgöngum og bættu innra skipulagi samgöngukerfis Norðurlanda, samstarfi á sviði iðnaðar og tölvutækni, samstarfi um útflutning tækniþekkingar og samstarfi á sviði ferðamála. Tillagan fjallar og um breytta lánaskipan Norræna fjárfestingarbankans sem m.a. eykur möguleika á lánveitingum til samgöngumála og innra skipulags þeirra.

Fyrirhugaðar breytingar á skipulagi Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar voru og mjög til umræðu og þá ekki síst staða menningarmálasamstarfs Norðurlanda. Margir hvöttu og til aukins samstarfs um sjónvarpsmál.

*Matthías Á. Mathiesen*, þáverandi samstarfsráðherra, taldi þá samvinnu milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs, sem leiddi til þess að ný ráðherranefndartillaga um þróun efnahagsmála og bætt atvinnuástand var lögð fyrir Norðurlandaráð, vera gott dæmi um þá jákvæðu þróun sem orðið hefði í norrænu samstarfi. Hann nefndi að ætluð Norrænu ráðherranefndarinnar væri með þessari tillögu að tengja norrænt samstarf um efnahagsmál því starfi sem unnið væri í hverju landi fyrir sig á þessu sviði. Hann benti sérstaklega á í ræðu sinni að eitt höfuðmarkmið tillögunnar væri að bæta atvinnuástand á Norðurlöndum og að rík áhersla væri lögð á að auka atvinnumöguleika fremur en atvinnuleysisbætur. Hann nefndi áætlanir um samstarf, um samræmingu á og úrbætur varðandi innra skipulag samgöngumála á Norðurlöndum sem dæmi um norrænt samstarf á sviði sem venjulega er sinnt af þjóðunum hverri fyrir sig.

*Guðrún Helgadóttir* alþingismaður taldi ráðherranefndartillöguna vera betur unna en tillögu þá sem lögð var fram árið áður. Hún taldi þó hættu vera á að norrænt samstarf á öðrum sviðum drægist saman vegna þeirra auknu fjárveitinga sem samstarf samkvæmt tillögunni krefðist. Hún taldi og nokkuð skorta á að tillagan byggðist á frumlegri hugsun. Einnig taldi hún vafa leika á að þeir erfiðleikar, sem að steðjuðu á Norðurlöndum, væru í eðli sínu efnahagslegir.

*Steingrímur Hermannsson* forsætisráðherra lýsti stuðningi við ráðherranefndartillöguna og þá sérstaklega við þær aðgerðir sem stuðla mundu að því að gera Norðurlönd að sameiginlegum heimamarkaði og við breytingar á skipan lána Norræna fjárfestingarbankans sem ykju möguleika á lánum til samgöngumála. Hann benti á að þessi lán gætu orðið áhugaverð fyrir Ísland, Grænland og Færeyjar. Hann lýsti og ánægju yfir stofnun hins fyrirhugaða vestnorræna lánasjóðs en benti þó á að grænlenka þjóðin þyrfti fremur á styrkjum að halda en lánum. Hann taldi og ástæðu til að minna á að skynsamlegt væri að beita þeim reglum, sem settar yrðu um sjóðinn, frjálsglega og láta ekki skrifinnshugsunarháttinn ná yfirhöndinni.

*Eiður Guðnason* alþingismaður fjallaði í ræðu sinni m.a. um þau vandkvæði sem ríkisstyrkir Norðmanna til sjávarútvegs baka Íslendingum. Hann ræddi og sel- og hvalveiðar Norðmanna, Grænlandinga, Færeyinga og Íslendinga og átalði í því sambandi þau erlendu samtök sem reynt hafa að hindra þessar veiðar og taldi aðgerðir þeirra mótast af vanþekkingu á aðstæðum og menningu viðkomandi þjóða. Hann mæltist til samvinnu Norðmanna, Grænlandinga, Færeyinga og Íslendinga um verndun þessara sameiginlegra hagsmuna og menningar.

*Geir Hallgrímsson*, þáverandi utanríkisráðherra, fjallaði um hafréttarmál og kvað þróunina á sviði hafréttarmála hafa verið hraða undanfarin ár og merki þessa vera þá staðreynd að Norðurlönd hafi nú öll áunnið sér rétt til 200 sjómílna efnahagslögsögu. Hann minnti á að í nyrsta hluta Atlantshafsins væri nú einungis tiltölulega lítið svæði utan efnahagslögsögu Norðurlanda. Hann benti á að hinn nýi hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna væri, að vissum skilyrðum uppfylltum, grundvöllur að réttindum yfir landgrunni utan 200 sjómílna efnahagslögsögu. Þetta legði norrænum þjóðum vissar skyldur á herðar vegna samninga um nýtingu sameiginlegra fiskistofna en samið hefði verið um fiskveiðar og landgrunnuréttindi á Jan Mayen-svæðinu þegar á árunum 1980 og 1982. Óleyst væri þó deila Íslendinga, Norðmanna og Grænlandinga um nýtingu íslenska loðnustofnsins við Jan Mayen og Grænland. Þar sem Grænlandingar hefðu nú gengið úr Efnahagsbandalaginu væri þetta alfarið norrænt mál og mikilvægt væri fyrir norrænt samstarf og það orð, er af því færi, að lausn, sem allir gætu sætt sig við, næðist sem fyrst á deilu þessari.

Hann fjallaði og um kröfur Íslendinga og Dana fyrir hönd Færeyinga til réttinda á Hatton-Rockall-svæðinu sem einnig byggðist á ákvæðum hafréttarsáttmálans og lagði áherslu á nauðsyn þess að réttur Færeyinga yrði virtur og að Norðurlandþjóðir störfuðu saman að þessu mikilvæga máli.

## **1.2. Þingmannatillögur, ráðherranefndartillögur og fyrirspurnir.**

Við upphaf 33. þings Norðurlandaráðs lágu fyrir þrjátíu og fimm þingmannatillögur og komu tuttugu og tvær þeirra til umræðu og atkvæðagreiðslu á þinginu. Þær sjö ráðherranefndartillögur, sem lágu fyrir, komu allar til umræðu og atkvæðagreiðslu. Af ofangreindum þingmanna- og ráðherranefndartillögum samþykkti þingið tuttugu og fimm en felldi fjórar. Á þinginu voru lagðar fram fimm nýjar þingmannatillögur og fram að áramótum 1985–1986 hafa auk þeirra verið lagðar fram tuttugu og fimm nýjar þingmannatillögur og sjö ráðherranefndartillögur. Af eldri samþykktum tillögum, sem voru við upphaf 33. þingsins eitt hundrað og sjö að tölu, felldi þingið af dagskrá tuttugu og fjórar.

Bornar voru fram á þinginu 35 fyrirspurnir.

## **2. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.**

### **2.1. Fundir Íslandsdeildar og kjör í nefndir.**

Á fundi sameinaðs Alþingis 21. desember 1984 fór fram kosning fulltrúa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Kosningin gildi þar til ný kosning fór fram á næsta reglulegu Alþingi.

Eftirtaldir þingmenn hlutu kosningu: Pétur Sigurðsson, Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir, Friðjón Þórðarson, Eiður Guðnason, Ólafur G. Einarsson og Stefán Benediktsson. Varamenn voru kjörnir eftirtaldir þingmenn: Salome Þorkelsdóttir, Davíð Aðalsteinsson, Hjörleifur Guttormsson, Árni Johnsen, Jóhanna Sigurðardóttir, Þorsteinn Pálsson og Guðrún Agnarsdóttir.

Verkefnum skipti Íslandsdeild þannig með sér að Páll Pétursson var endurkjörinn formaður Íslandsdeildar og tók sæti í efnahagsmálanefnd ráðsins. Varamaður Páls í forsætisnefnd var kjörinn Ólafur G. Einarsson sem einnig tók sæti í efnahagsmálanefnd og fjárlaganefnd. Á fundi deildarinnar 6. febrúar 1986 tók Ólafur G. Einarsson við formennsku Íslandsdeildar og Páll Pétursson við varaformennsku. Eiður Guðnason var kjörinn í menningarmálanefnd og fjárlaganefnd, Friðjón Þórðason í laganefnd, Pétur Sigurðsson í félags- og umhverfismálanefnd, Guðrún Helgadóttir í samgöngumálanefnd og upplýsingamálanefnd og Stefán Benediktsson í menningarmálanefnd og upplýsingamálanefnd. Ólafur G. Einarsson tók sæti í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans, Eiður Guðnason í eftirlitsnefnd Norræna menningarmálasjóðsins og Páll Pétursson varð varamaður Eiðs í þeirri nefnd.

Íslandsdeild hélt níu fundi og tvo fréttamannafundi á tímabilinu frá lokum 33. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 34. þings Norðurlandaráðs. Meðan á þingum Norðurlandaráðs stendur heldur Íslandsdeild að jafnaði fundi dag hvern.

Íslandsdeild fjallaði um umsækjendur um stöðu aðalritstjóra tímaritsins Nordisk Kontakt og ákvað að mæla með því að dómnefnd sú, sem skipuð hafði verið, ætti viðtal við umsækjendurna Einar Karl Haraldsson og Sigurð Sigurðarson. Einar Karl Haraldsson var síðan ráðinn í stöðuna.

Deildin samþykkti álitserð um tilhögun upplýsingastarfs Norðurlandaráðs eftir að upplýsingamálanefnd ráðsins yrði lögð niður.

Deildin samþykkti og álitserð um fyrirhugaðar breytingar á meðferð fjárlaga Norðurlandaráðs og um samnorrænt launakerfi fyrir starfsmenn ráðsins.

Enn fremur fjallaði deildin um þá samnorrænu ritgerðasamkeppni fyrir ungt fólk sem fram fór á starfsárinu. Verðlaun í keppninni voru þátttaka í ráðstefnu sem haldin var í Lundi um miðjan desember 1985. Tvö ungmenni frá Íslandi, sem hlutskörpust höfðu orðið, tóku þátt í ráðstefnunni.

Fjórir íslenskir blaðamenn, þeir Sveinn Sigurðsson, Jón G. Kristjánsson, Magnús Sigurðsson og Bjarni Sigtryggsson, hlutu norræna fréttamannastyrkinn árið 1985 að tillögu fulltrúa Íslands í upplýsingamálanefnd Norðurlandaráðs.

Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur gerði á fundi með deildinni grein fyrir tillögu um norrænt samstarf um jarðskjálftarannsóknir á Íslandi. Guðrún Helgadóttir o.fl. lögðu síðan fram þingmannatillögu um mál þetta á 34. þingi Norðurlandaráðs.

Deildin ræddi stofnun vestnorræna þróunarsjóðsins, fjárframlög Íslands í sjóðinn og hvar aðsetur hans yrði.

Deildin ræddi við Sighvat Björgvinsson, framkvæmdastjóra Norræna félagsins, um fjármál Norræna félagsins og styrk íslenska ríkisins til félagsins sem ekki var talinn nægilegur til að félaginu væri tryggð starfsemi á sama grundvelli og hingað til.

Deildin ræddi ferðamál og ferðakostnað ungs fólks á Norðurlöndum vegna erindis Norræna félagsins og með hliðsjón af þeirri umræðu sem orðið hefur um málið í menningarmálanefnd og samgöngumálanefnd Norðurlandaráðs.

Deildin ræddi drög að þingmannatillögu um norræna starfsáætlun gegn krabbameini. Framkvæðið að tillögugerð þessari átti dr. G. Snorri Ingimarsson, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands, ásamt sérfræðingum frá öðrum norrænum löndum. Páll Pétursson o.fl. lögðu síðan tillögu þessa fram á 34. þingi Norðurlandaráðs.

Guðrún Helgadóttir alþingismaður kynnti á fundi deildarinnar þingmannnatillögu um breytingar á samningi Norðurlanda um almannaskráningu og þjóðskrá sem hún lagði síðan fram. Tillaga þessi var samþykkt á 34. þingi Norðurlandaráðs.

Loks voru á fundum Íslandsdeildar rædd ýmis framkvæmdaatriði, ferða- og fjármál.

### **3. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs.**

Á 33. þingi Norðurlandaráðs var Páll Pétursson alþingismaður kosinn forseti ráðsins og um leið formaður forsætisnefndar þess. Frá lokum 33. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 34. þings þess hélt forsætisnefnd tólf fundi. Að auki hélt hún tvo fundi með forsætisráðherrum Norðurlanda, tvo fundi með samstarfsráðherrum Norðurlanda og einn fund með formönnum fastanefnda Norðurlandaráðs.

Á fundi forsætisnefndar með forsætisráðherrum þann 13. desember 1984 hafði forsætisnefnd lýst stuðningi sínum við yfirlýsingu forsætisráðherranna um varnir gegn loftmengun. Yfirlýsingu þessa hafði sendiherra Íslands í Bretlandi afhent ríkisstjórn Bretlands. Svar bresku ríkisstjórnarinnar var talið ófullnægjandi og var því málið rætt á ný á fundi forsætisnefndar og forsætisráðherra þann 4. mars 1985. Á grundvelli þessara umræðna boðaði forsætisnefnd síðan til ráðstefnu með þátttöku þingmanna landa þeirra sem liggja að Eystrasalti og Norðursjó, auk Sviss og Austurríkis, til að ræða um úrbætur sem draga mundu úr loftmengun. Ráðstefna þessi verður haldin í Stokkhólmi dagana 8. til 10. september 1986.

Á fundi forsætisnefndar með forsætisráðherrum þann 18. desember 1985 var meðal annars rædd þróun mála innan Efnahagsbandalags Evrópu og áhrif þess á norrænt samstarf, t.d. í hljóðvarps- og sjónvarpsmálum, loftmengunarmálum og ferðamálum ungs fólks, einkum áhrif ferðakortsins sem gildir í ferju- og lestarferðum á Norðurlöndum.

Á fundum forsætisnefndar með samstarfsráðherrum Norðurlanda voru meðal annars eftirtalin mál til umræðu: Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar, samstarf Norðurlanda um þróunaraðstoð, loftmengun, samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um þróun efnahagsmála og bætt atvinnuástand og upplýsinga- og útgáfumál.

Á fundi sínum 7. maí 1985 setti forsætisnefnd reglur fyrir hina nýju fjárlaga- og eftirlitsnefnd ráðsins sem meðal annars tók við störfum fjárlaganefndar sem lögð var niður í lok 34. þings Norðurlandaráðs.

Á sama fundi setti forsætisnefnd reglur fyrir ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt sem tók til starfa við upphaf 34. þings Norðurlandaráðs en upplýsinganefnd Norðurlandaráðs, sem lögð var niður frá sama tíma, hafði verið ritstjórnarnefnd tímaritsins.

Enn setti forsætisnefnd á sama fundi nýjar starfsreglur fyrir skrifstofu forsætisnefndar og ritaranefndar Norðurlandaráðs. Nýju reglurnar tóku gildi 12. febrúar 1986.

Í því skyni að efla tengsl Norðurlandaráðs við aðrar fjölþjóðastofnanir og kynna starfsemi Norðurlandaráðs fór forsætisnefnd Norðurlandaráðs í kynnisferð til sjö fjölþjóðastofnana í Genf, Strassborg og París dagana 20. til 25. október 1985. Eftirtaldar stofnanir voru heimsóttar og rætt við forsvarsmenn þeirra: Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA; Alþjóðavinnumálastofnun Sameinuðu þjóðanna, ILO; Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, ECE; Alþjóðastofnunin um tolla- og viðskiptamál, GATT; þing Evrópubandalagsins; höfuðstöðvar Evrópuráðsins og Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD.

### **4. Fastanefndir Norðurlandaráðs.**

#### **4.1. Laganefnd.**

Laganefnd hélt sjö fundi á tímabilinu frá lokum 33. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 34. þings Norðurlandaráðs. Tveir þessara funda voru haldnir með Norrænu ráðherranefndinni, annar með dómsmálaráðherrum landanna og hinn með ráðherrum þeim sem atvinnumál heyra undir.

Formaður nefndarinnar var danski þingmaðurinn Bernhardt Tastesen og varaformaður Friðjón Þórðarson alþingismaður.

Nefndin sinni á starfsárinu öðrum málum fremur þingmannatillögu um samstarf Norðurlanda um aðstoð við flóttamenn sem lögð var fyrir 34. þing og samþykkt þar. Auk þessarar tillögu voru fimm þingmannatillögur á dagskrá nefndarinnar. Fjölluðu þær um vernd barna á stríðstímum, um breytingar á samningi frá 1968 um almannaskráningu og þjóðskrá, um norræna kvennaráðstefnu og um norræna skrásetningu aðila sem hafa verið sviptir rétti til að stunda atvinnurekstur og um samræmingu réttarreglna á Norðurlöndum um gervifrjóvgun.

Á fundi nefndarinnar með dómsmálaráðherrum landanna var rætt um viðurlög við fíkniefnabrotum, aðstoð við flóttamenn, samræmingu kauplaga á Norðurlöndum, réttaráhrif hjúskapar, réttaröryggi útlendinga búsettra á Norðurlöndum og um réttarstöðu samkynhneigðra.

Á fundi nefndarinnar með atvinnumálaráðherrum landanna var m.a. rætt um norrænt samstarf á sviði vinnuréttar og um atvinnumál.

Haldin var á vegum nefndarinnar ráðstefna um fíkniefnamál dagana 22. til 25. apríl 1985 á Borgundarhólmi.

Ritari nefndarinnar tók ásamt finnska þingmanninum Elsi Hetemäki-Olander og danska þingmanninum Dorte Bennedsen þátt í kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Nairobi í júlí 1985.

#### **4.2. Menningarmálanefnd.**

Menningarmálanefnd hélt á tímabilinu frá lokum 33. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 34. þings Norðurlandaráðs sex fundi og var einn þeirra haldinn með menntamálaráðherrum Norðurlanda.

Formaður nefndarinnar var Eiður Guðnason alþingismaður og varaformaður sænski þingmaðurinn Ingrid Sundberg.

Helsta mál menningarmálanefndar var, eins og undanfarin ár, norrænt samstarf um útvarps- og sjónvarpssendingar um gervihnött. Útlit hafði verið fyrir að ráðherranefndartil-laga um málið yrði lögð fyrir 33. þing Norðurlandaráðs. Sú tillaga var þó ekki lögð fram fyrir en í nóvember 1985. Samkvæmt tillögunni munu beinar sjónvarpssendingar um TELE-X-gervihnöttinn hefjast árið 1987 og tilraunaútsendingar standa yfir í þrjú ár. Sent verður á tveimur sjónvarpsrásum efni frá ríkisútvarpi þeirra landa sem aðilar eru að samstarfinu. Menningarmálanefndin studdi tillögu þessa en æskti þess að Danir gerðust aðilar að samstarfinu og að Íslendingum yrði gert kleift að gerast aðilar. Nefndin lagði og áherslu á að það yrði frá upphafi ljóst að markmið tilraunasendinganna væri að ryðja braut áframhaldandi samstarfi um sjónvarpssendingar um gervihnött. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs lagði fram álit um tillöguna fyrir hönd Norðurlandaráðs þann 13. nóvember 1985.

Samþykkt var nefndarálit um þingmannatillögu um norræna menningar- og upplýsinga-miðstöð fyrir Austur- og Mið-Finnland. Tilgangur tillögunnar var að auka norræn menningartengsl finnskumælandi Finna í Austur-Finnlandi.

Í nefndinni voru og til umræðu tillögur um að samræma menntun í byggingariðnaðin-um, stofna sjóð til stuðnings samískra, færeyskra og grænlenkra bókmennta og stofna sjóð til styrktar tónlistarlífi á Norðurlöndum.

Þann 15. október 1985 átti nefndin viðræður við Norrænu ráðherranefndina um menningarmálasamstarfið og fjárveitingar til þess árið 1987. Á þeim fundi var norrænt samstarf um hljóðvarps- og sjónvarpssendingar um gervihnött aðalmálið. Nefndin lagði þar og til að Norræna ráðherranefndin legði fram sérstaka framkvæmdaáætlun um þróun menningarmálasamstarfs landanna fyrir 35. þing Norðurlandaráðs árið 1987.

Menningarmálanefnd stóð fyrir ráðstefnu í Álasundi dagana 21. til 23. október 1985 um norrænt samstarf skóla á Norðurlöndum og norræn nemenda- og kennaraskipti.

Þann 17. apríl 1985 heimsóttu formaður nefndarinnar, Eidiur Guðnason, og ritari nefndarinnar þing Evrópubandalagsins í Strassborg og dagana 18. og 19. apríl heimsóttu þeir auk varaformanns nefndarinnar, Ingrid Sundberg, skrifstofur Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, í París og ræddu þar við fulltrúa Norðurlanda og ýmsa embættismenn.

#### **4.3. Félags- og umhverfismálanefnd.**

Félags- og umhverfismálanefnd hélt á tímabilinu frá lokum 33. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 34. þings Norðurlandaráðs fimm fundi og var einn þessara funda haldinn með umhverfismálaráðherrum Norðurlanda.

Formaður nefndarinnar var forseti norska Stórþingsins Jo Benkow og varaformaður finnski þingmaðurinn Kaj Bärlund.

Nefndin lauk á starfsárinu umfjöllun um ellefu þingmannatillögur og mælti með því að ráðið samþykkti sjö þeirra.

Meðal þeirra tillagna, sem nefndin mælti með, var tillaga um sameiginlegan norrænan vinnuþátt fyrir þá sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, tillaga um aukin réttindi Norðurlandabúa sem flytja búferlum milli norrænna landa og tvær tillögur um aðgerðir gegn loftmengun erlendis frá. Einnig mælti nefndin með samþykkt tillögu um aðgerðir til að sporna við verslun með dýrategundir sem hætt er við að verði útrýmt og tillögu um að auka starfsemi Norræna heilsugæsluháskólans.

Á fundi nefndarinnar með umhverfismálaráðherrum Norðurlanda þann 12. nóvember voru m.a. rædd loftmengunarmál, þróunarhjálp og umhverfisvernd í þróunarlöndunum og verndun hafsins.

Sænski þingmaðurinn Grethe Lundblad var ásamt ritara nefndarinnar viðstödd þing Alþjóðavinnuálastofnunar Sameinuðu þjóðanna í Genf dagana 17. til 21. júní 1985.

#### **4.4. Samgöngumálanefnd.**

Á tímabilinu frá lokum 33. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 34. þings þess hélt samgöngumálanefnd sex fundi og af þeim var einn haldinn með ráðherrum þeim sem sinna samgöngu- og umferðaröryggismálum.

Finnski þingmaðurinn Marjatta Väänänen var formaður nefndarinnar og varaformaður var Bjarne Mörk Eidem.

Í janúar 1985 ákvað forsætisnefnd ráðsins að auk samgöngumála, umferðaröryggis- og ferðamála skyldi nefndin sinna tölvutækni og öðrum tæknimálum.

Aðalverkefni nefndarinnar á starfsárinu voru á sviði umferðaröryggis og tölvutækni. Á fundi nefndarinnar í febrúar 1985 ræddi nefndin við sérfræðinga á tölvutæknisviði um þróun tölvutækni og þann þátt sem nefndin og Norðurlandaráð gæti átt í því að beina þróun tölvutækni inn á brautir sem væru íbúum Norðurlanda hagstæðar.

Á starfsárinu var tíu þingmannatillögum vísað til nefndarinnar sem lauk umfjöllun um sjö tillögur og mælti með því að Norðurlandaráð samþykkti fimm þeirra.

Á fundi nefndarinnar þann 12. nóvember 1985 með samgönguráðherrum og ráðherrum þeim, sem hafa umferðaröryggismál innan sinna málaflokka, var meðal annars rætt um flugsamgöngur milli Mið-Svíþjóðar, Mið-Noregs og Mið-Finnlands, gildi norrænna ökuskrifteina á Norðurlöndum utan heimalands skírteinishafa, samræmingu reglna á Norðurlöndum um bílbelti og starfsáætlun á sviði umferðaröryggismála.

#### **4.5. Efnahagsmálanefnd.**

Efnahagsmálanefnd hélt fjóra fundi á tímabilinu frá lokum 33. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 34. þings ráðsins. Níumannesnefndin hélt auk þess þrjá fundi.

Nefndin hefur og á starfsárinu haldið fundi með efnahagsmálaráðherrum, ráðherrum þeim sem hafa þróunarhjálp innan síns verkahring, utanríkisviðskiptaráðherrum og orkumálaráðherrum Norðurlanda.

Sænski þingmaðurinn Gunnar Nilsson var formaður nefndarinnar á starfsárinu fram að 12. nóvember en þá tók landi hans Arne Gadd við formennsku. Varaformaður var danski þingmaðurinn Ivar Hansen.

Nefndin fjallaði á starfsárinu um fimm þingmannatillögur og sex ráðherranefndartillögur.

Nefndin lagði til að Norðurlandaráð samþykkti ráðherranefndartillögu um að stofna vestnorrænan þróunarsjóð með aðsetri í Reykjavík, ráðherranefndartillögu um að endurskoða samstarfsáætlun um byggðamál, ráðherranefndartillögu um samstarfsáætlun um að auka atvinnumöguleika í byggingariðnaðinum, ráðherranefndartillögur um aukið fjármagn til Norræna fjárfestingarbankans og um norræna samstarfsáætlun á sviði orkumála.

Nefndin lagði til stuðning við þingmannatillögu um norrænt samstarf á alþjóðavettvangi.

Varðandi þingmannatillögu þá um líftæknistofnun á Íslandi, sem íslensku fulltrúarnir í Norðurlandaráði höfðu átt frumkvæði að, lagði nefndin til að Norræna ráðherranefndin léti á árinu 1986 kanna hvaða möguleikar væru á framtíðarsamstarfi á líftækni sviði og hvaða hlutverki norræn líftæknistofnun, sem hugsanlegt væri að hefði aðsetur á Íslandi, gæti gegnt fyrir atvinnulíf á Norðurlöndum.

#### **4.6. Fjárlaganefnd.**

Fjárlaganefnd hélt fimm fundi á starfsárinu.

Formaður nefndarinnar var norski þingmaðurinn Bjarne Mørk Eidem og varaformaður danski þingmaðurinn Jens Peter Jensen.

Í tilefni tillögu frá Svíþjóð, um að stytta þann tíma sem liði milli samþykktar fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar og gildistöku, var stofnaður vinnuhópur sem var að störfum á árinu og lagði fram tillögur sínar í október 1985. Samkvæmt tillögum vinnuhópsins skyldu nefndir Norðurlandaráðs fjalla á sumrin um umsóknir embættismannanefnda og annarra um fjárveitingar af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar og síðan skyldi nefndin leggja í september fram drög að fjárlögum næsta árs. Í tengslum við nóvemberfundi nefnda Norðurlandaráðs skyldi þing Norðurlandaráðs kallað saman til haustþings til að fjalla um fjárlögin eingöngu. Norræna ráðherranefndin tæki fljótlega eftir það endanlega ákvörðun um fjárlögin sem kæmi síðan til framkvæmda um áramót.

Þessi tillaga var send landsdeildum og fjárlaganefnd Norðurlandaráðs til umsagnar. Voru þessir aðilar hlyntir því að stytta þann tíma sem það tæki að fjalla um fjárlögin en þeir voru ekki á eitt sáttir um að kalla saman haustþing. Í stað þess var lagt til að forsætisnefnd skyldi fyrir hönd Norðurlandaráðs gefa umsögn um fjárlögin að lokinni umfjöllun um þau í nefndum ráðsins. Forsenda þessara tillagna var þó að þegar á Norðurlandaráðsþingunum skyldu liggja frammi það ítarlegar upplýsingar um væntanleg fjárlög að umræður gætu farið þar fram um þau.

Á fundi forsætisnefndar og Norrænu ráðherranefndarinnar þann 18. desember 1985 var tekin ákvörðun um breytingar á meðferð fjárlaga í samræmi við tillöguna með þeim breytingum sem landsdeildir og fjárlaganefnd lögðu til.

Norræna ráðherranefndin lagði til að almennu fjárlögin fyrir árið 1986 skyldu vera að upphæð 269,8 millj. norskra króna og menningarmálafjárlögin að upphæð 159,5 millj. danskra króna. Fjárlaganefndin lagði til að almennu fjárlögin yrðu hækkuð um 500 000 norskar krónur og menningarmálafjárlögin um 1,7 millj. danskra króna. Eftir umfjöllun á 33. þingi Norðurlandaráðs var upphæð almennu fjárlaganna ákveðin 272,6 millj. norskra króna og upphæð menningarmálafjárlaganna 160,1 millj. danskra króna.

#### **4.7. Upplýsingamálanefnd og ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt.**

Upplýsingamálanefnd hélt tvo fundi á starfsárinu.

Formaður nefndarinnar var Guðrún Helgadóttir alþingismaður og varaformaður sænski þingmaðurinn Rune Gustavsson.

Nefndin hélt tvær ráðstefnur á starfsárinu, aðra í maí 1985 í Villmanstrand fyrir fréttamenn um atvinnu- og efnahagsmál á Norðurlöndum en hina í Lundi. Síðari ráðstefnan var (sbr. 2.1.) haldin fyrir þau ungmenni sem hlutskörpust höfðu orðið í ritgerðasamkeppni Norðurlandaráðs. Ritgerðasamkeppnin var hluti þeirrar herferðar sem upplýsinganefnd Norðurlandaráðs stóð fyrir til að kynna ungu fólki norrænt samstarf.

Upplýsingamálanefndin, sem lögð var niður í lok starfsársins, samdi af því tilefni áætlun um framtíð upplýsinga- og útgáfustarfsemi Norðurlandaráðs. Áætlun þessi var lögð fyrir forsætisnefnd Norðurlandaráðs en upplýsingamál munu hér eftir heyra undir hana. Upplýsingamálanefnd lagði til að sérstök áhersla yrði lögð á það að kynna norrænt samstarf í fjölmiðlum, skólum og í félagasamtökum. Einnig skyldi leggja áherslu á að upplýsa stjórnmalamenn og aðila tengda stjórnmalaflokkum og stjórnsýslu á Norðurlöndum um samstarfið. Áhersla var og lögð á hlutverk starfsfólks landsdeilda Norðurlandaráðs í upplýsingastarfinu og á mikilvægi þess að komið yrði á framfæri aðgengilegum upplýsingaritum um samstarfið.

Við upphaf 34. þings Norðurlandaráðs tók til starfa sérstök ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt (sbr. 3). Í henni eiga sæti tíu fulltrúar og er formaður hennar Guðrún Helgadóttir alþingismaður. Aðalritstjóri tímaritsins er Einar Karl Haraldsson en Björn Jóhannsson er einn þeirra fimm ritstjóra sem sjá um öflun efnis í tímaritið, hver frá sínu heimalandi.